

Kópavogur
21. apríl 2017

Kæra

Hvað er kært

Útboð nr. 13914, 13885, 13886 og 13887

Málsnr: R17040140
Skjalasafn Raðhúss
24. apríl 2017
Bréfalykill: 174

Ástæður

1. Kröfur útboða eru á þann veg að einungis útvaldir aðilar eiga möguleika á að taka þátt.
2. Kröfur útboða eru á þann veg að nýir umboðsaðilar fá ekki að taka þátt, gríðarleg framþróun í greininni er heldur ekki leyfð í útboðum.
3. Bjóðandi sé með eigin verkstæðisþjónustu og varahlutalager og hafi rekið hana að lágmarki í 3 ár. Þeir bjóðendur sem reka ekki eigin verkstæðisþjónustu og varahlutalager teljast ekki uppfylla kröfu um hæfni og verði tilboði þeirra þar af leiðandi vísað frá. Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár skal að lágmarki hafa verið sem nemur 50% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts í þetta verk. (Verið að útiloka nýja aðila)
4. Gervigrasskerfið skal vera uppbyggt þannig að á jarðfyllinguna kemur niðurrhakkað dekkjar fjöðrunarlag og ofan á það kemur sandfyllt gervigras. (Afturhvarf til fortíðar, farið er úr núverandi 3G gervigraskerfi yfir í 2G. Í dag er 4G skynsamasti kosturinn.)
5. Nokkrir af 9 virtustu framleiðendum í heimi að mati FIFA geta ekki tekið þátt í útboðum innkauparáðs Reykjavíkur nema gera stórkostlegar breytingar á uppskriftum sínum að árangri.
6. Samkeppnishamlandi útboð þar sem aðilar með betri vörur á jafnvel betra verði eru útilokaðir.
7. Auglýst sem Almennt útboð en eingöngu hannað fyrir örfáa í stað þess að framleiðendur þurfi að uppfylla staðla en ekki skilyrði um eina lausn.
8. Frávikstilboð ekki leyfð og þar af leiðandi framþróun ekki leyfð líkt og í fyrra. Bannað var að bjóða ódýrari mun betur fjaðrandi lausnir úr t.d. kork. Umhverfisvænar lausnir eins og 4G gras var líka bannað að bjóða, framþróun hunsuð, ending hunsuð, öryggi hunsuð, umhverfisvænt yfirborð hunsuð.

Rök fyrir kæru

Þegar leitað var svara hjá Reykjavíkurborg varðandi 4G framþróun voru svörin einfeldningsleg. Talað um reynsluleysi 4G, þrátt fyrir sífelldar prófanir, uppfyllingu FIFA staðla og yfir 7 ára reynslu í m.a. Sviss. Skólavellir eins og á Hvolsvelli er komin með 4G, Vestmannaeyjar eru að setja upp 4G velli. Hafnarfjörður setti í fyrra upp 4G. Reykjavík er með gamla útfærslu á 4G í Vesturbæ og í Breiðholti. 4G er selt í nokkrum

gæðaflokkum og fíranlegt að Reykjavík velji 2G skólavelli. Krakkar og foreldrar eiga eftir að líða fyrir vanhugsaða framtíðarsýn innkauparáðs, þar sem horft er í að spara krónur til skamms tíma á kostnað heilsu barna.

Með 4G þarf ekki verkstæðisþjónustu eða varahlutalager eins og óskað er eftir í útboðsskilmálum. Þau tæki, tól, gúmmí og sandur sem þarf fyrir 3G og 2G grös eru óþörf í 4G. Raunverulegur rekstrarkostnaður ef hugsa á vel um fjárfestinguna hrynur um fleiri tuga prósentu við það að fara í 4G. Þrifnaður í kringum vellina og inn í skólana fer niður í 0 og það er góð þróun.

Með 4G eru engin aukaefni, engin aukaprif á innfylliefnum, engin auka þrif í kringum vellina, engin fylliefni inni á heimilum fólks, engin aukakostnaður við að bæta við fylliefni á grasið. Svo ekki sé talað um auðveld þrif, hafið þið séð 3G völl, og umhverfið í kring, sem er hreint eftir nokkurra vikna notkun ?

Að leyfa frávikstilboð sem gætu verið hagstæðari, hagkvæmari, umhverfisvænni, þrifalegri, barnvænni, útlitslega fallegra fyrir augað ætti eðlilega að vera hægt að bjóða. Hvers vegna var ekki krafan 4G og frávikstilboð 3G og 2G ? Getur innkauparáð nefnt fimm ástæður fyrir því að 2G sé betra en 4G fyrir börnin ? Mjög auðvelt er að nefna slíkt í hina áttina enda um byltingu að ræða í yfirborði fyrir börn, unglunga og afreksfólk.

Að þurfa ekki mörg tæki og tól til að halda velli við, sér í lagi skólavöllum á að vera forgangsatriði í útboðum þegar kemur að börnum. Að vera með umhverfisvæna lausn er það sem á að vera í forgangi þegar kemur að börnum landsins. 6 skólavellir í Reykjavík fá skítamix lausn, sem er að taka „hættulega“ dekkjarkurlið burt af ónýtum gervigrasvelli og fá eingöngu annað „minna hættulegt“ gúmmíkurl. Slíkar lausnir höfum við skoðað í Kópavogi sem framkvæmdar voru fyrir nokkrum mánuðum. Eðlilega fýkur gúmmíkurlíð út um allt, það er ekki fast ofan í grasþráðunum, heldur liggur ofan á ónýtu gervigrasi. Fjöðrun hættuleg fyrir börnin og ef fullorðnir væru að spila á þessu þá yrði mikið um meiðsli.

Reykjavíkurborg / innkauparáð / „ráðgjafi“ tóku mjög vafasama ákvörðun í fyrra að gefa sér að þeir hefðu valið skynsama lausn fyrir fleiri tugi þúsunda iðkenda með því að velja áfram tugþúsund niðurrhakkaðra dekkja og krabbameinsvaldandi bindiefna í fjaðurlag, auk þess að velja 5-6 sinnum dýrara „hættuminna“ gúmmíkurl sem eina valkost ofan á vellina. Þessu er eðlilega mómælt harðlega og þess krafist að útboðið fari aftur fram á réttum forsendum. Til að fólk átti sig á brengluðum kröfum í útboðsskilmálum hér, þá eru einungis í dag 9 framleiðendur í heiminum FIFA PREFERRED framleiðendur, af fleiri hundruð þá eru þeir viðurkenndastir af FIFA. Af öllum framleiðendum í heiminum sem þurfa að uppfylla ströngustu staðla FIFA þá eru þessir 9 virtastir af FIFA, þeirra lausnir hljóta þá að vera gjaldgengar í öllum útboðum er varða gervigras og auðvitað á Íslandi líka en Nei, það er víst ekki þannig.

Einn af níu fremstu aðilum í heimi skv. FIFA sérhæfir sig í korklausnum vegna þess að korkur fjaðrar miklu betur en niðurrhökkuð dekk. 4G skólavallalausnir þeirra eru frábærar fyrir börn enda notast við kork fjaðurlag. Í Reykjavík eru valdar 2G sandlausnir fyrir heppnu hverfin með eldgömlu niðurrhökkuðu dekkjar fjaðurlagi, önnur óheppin hverfi fá „skítamix“ og þurfa að sætta sig við ónýta gervigrasvelli með eingöngu annarri tegund af gúmmíkurlí til þess að vera aðeins meira innan heilsuspillandi marka. Þessi

Korkframleiðandi gat ekki tekið þátt í útboðum Reykjavíkur, vegna fyrirfram ákveðinna krafa um gúmmí.

Annar af níu fremstu aðilum í heimi og sá stærsti í heimi sérhæfir sig í dag í TPV plastkurli. Hann getur ekki tekið þátt nema með miklum tilkostnaði, breytingum og vinnu með FIFA.

Kröfur

Óskað er eftir því að útboðin verði endurskoðuð og yfirfarin af fagaðilum í gervigrasiðnaði og umhverfismálum.


Við óskum eftir því að núverandi útboð verði felld niður og endurgerð af fagaðilum t.d. Bjarna Þór Hannessyni doktor í yfirborðsvallarfræðum. Eðlilegt er að útboðskröfur uppfylli ákveðnar gæðakröfur, umhverfiskröfur, heilbrigðiskröfur og útlitskröfur en ekki að búið sé að velja slæma kosti sem skilyrði og útiloka gæðaframleiðendur.

Framleiðendur uppfylla staðlana á sinn hátt með sínum uppskriftum að árangri, ef þeim er ekki treystandi til þess að uppfylla staðla þá er mikið að hjá innkauparáði. Innkauparáð útilokaði betri lausnir / ódýrari framtíðarlausnir.

Að lokum

Hægt er að skoða endingu varanna, gæði, útlit, viðhaldskostnað o.s.frv. með Lisport XL prófum sem öll gervigraskerfi þurfa að uppfylla í dag ef þau vilja sanna að þau séu á meðal þeirra bestu. Tek fram að við skoðun okkar á bestu gervigras kerfum heims að mati FIFA þá er ekkert gervigras sem kemur eins vel út í verði, endingu, útliti og eiginleikum eins og Sportisca S9 Revolution 4G, samt er það ekki aðili að FIFA.

Virðingarfyllst,



Sveinbjörn Freyr Arnaldsson

Kt. 171172-4549



Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Umsögn um kæru Íslenska olúfélagsins dags. 26. apríl 2017.

Innkaupadeild Reykjavíkurborgar barst umsagnarbeiðni frá Skrifstofu borgarstjórnar með tölvupósti þann 26. apríl 2017 vegna kæru Íslenska Olúfélagsins til borgarráðs vegna eftirfarandi útboða:

- nr. 13914 Gervigras 2017 - Reykjavíkurborg.
- nr. 13885 Boltagerði – Gervigras. Endurnýjun og lagfæring. Árbær-Breiðholt-Laugardalur
- nr. 13886 Boltagerði – Gervigras. Endurnýjun og lagfæring. Grafarvogur-Grafarholt-Kjalarnes
- nr. 13887 Boltagerði – Gervigras. Endurnýjun og lagfæring. Miðborg-Hlíðar-Háaleiti Bústaður

Í kærinni er því m.a. haldið fram að tæknilegar kröfur útboðsgagna séu samkeppnishamlandi, að kröfur til fyrirtækja um reynslu séu til þess fallnar að útloka aðila á markaði og að nýjir (óreyndir) aðilar fái ekki að taka þátt í útboðum. Þá gerir Íslenska Olúfélagið kröfu um að útboðin verði endurskoðuð og yfirfarin af fagaðilum í gervigrasiðnaði og umhverfismálum, jafnframt er óskað eftir því að núverandi útboð verði felld niður og endurgerð af fagaðilum í yfirborðsvallarfræðum.

Um útboðin

Framangreind útboð voru auglýst opinberlega og var öllum áhugasömum aðilum heimilt að leggja fram tilboð í þau.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar, verkkaupi hér eftir, gerði eftirfarandi kröfur til bjóðenda í útboðunum:

Kröfur um hæfi og reynslu

Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið 40% af tilboði í þetta verk.

Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár skal að lágmarki hafa verið sem nemur 50% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts í þetta verk.

Yfirstjórnandi (verkefnisstjóri) og yfirverkstjóri verks skulu hafa á sl. 5 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. 40% af tilboði bjóðanda í þetta verk. Bjóðandi skal á sínum vegum hafa tæknimenntaðan starfsmann.

Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki. Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun. Við mat verkkaupa á hæfni og reynslu bjóðanda samkvæmt þessu ákvæði er verkkaupa heimilt að taka tillit til hæfni og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af verklegum framkvæmdum og leggja slíka hæfni og reynslu að jöfnu við hæfni og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda.

Krafa um fjárhagslegt hæfi

Gerð er krafa um að eigið fé bjóðanda sé jákvætt. Ef ársreikningur bjóðanda sýnir að eigið fé nái ekki þessari kröfu er verkkaupa þó heimilt að taka til greina upplýsingar í formi árshlutareiknings árituðum af löggiltum endurskoðanda eða yfirlýsingu löggilts endurskoðanda byggðri á upplýsingum um efnahag bjóðanda, um að eigið fé bjóðandans sé jákvætt á tilboðsdegi.

Krafa um eðlilega viðskiptasögu

Ef könnun á viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda bjóðanda leiðir í ljós nýlegt greiðslu- eða gjaldþrot eða sambærileg atvik er varða bjóðanda, stjórnendur eða eigendur hans, áskilur verkkaupi sér rétt til að hafna tilboði hans, enda eigi í hlut öldungis sams konar rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda), í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með nýja kennitölu.

Gæðakröfur til heildarkerfis gervigrasvalla

Verkkaupi gerði einnig gæðakröfur til heildarkerfis gervigrasvallanna, þ.e. að bæði gervigrasið sjálft, fjaðurlagið og fjaðrandi efni (innfylling) skal uppfylla sameiginlega kröfur FIFA og UEFA um gervigrasvelli skv. staðlinum „FIFA Quality Programme for Football Turf, October 2015“. Í gögnum koma fram kröfur um að prófanir efnis og heildarkerfis skuli uppfylla „FIFA Quality Pro“ kröfur staðalsins. Í ljósi þess að vellirnir þrír hjá Fram, ÍR og Leikni eru notaðir bæði til æfinga og keppni eru þessar kröfur í samræmi við reglugerð KSÍ greinar 8.3 og 8.4 þar sem þess er krafist að gervigrasvöllur uppfylli gildandi FIFA staðla og vellir í flokki A, B og C uppfylli kröfur til mestu gæða gervigrass. Fyrirliggjandi útboðsgögn endurspeglar þessar kröfur.

Álit innkaupadeildar

Það er álit innkaupadeildar að Umhverfis- og skipulagssvið hafi gert mjög hóflegar hæfiskröfur til bjóðenda m.t.t. umfangs framangreindra útboða. Innkaupadeild tekur ekki

undir þá fullyrðingu kæranda að hæfiskröfur útboðanna séu settar fram til að útiloka óreynda aðila á markaði enda er sérstaklega tekið fram í útboðsgögnum að „verkkaupa [sé] heimilt að taka tillit til hæfni og reynslu eigenda, stjórnenda, lykilstarfsmanna, undirverktaka og sérstakra ráðgjafa bjóðanda af verklegum framkvæmdum og leggja slíka hæfni og reynslu að jöfnu við hæfni og reynslu bjóðandans sjálfs, þótt reynsla viðkomandi aðila hafi áunnist í öðru fyrirtæki en hjá bjóðanda,„. Ákvæði þetta gerir óreyndum fyrirtækjum kleift að verða gjaldgeng í umræddum útboðum með því að afla sér utanaðkomandi þekkingar.

Hvað varðar gæðakröfur útboðsgagna til heildarkerfis gervisgrasvallanna þá hafna sérfræðingar verkkaupa þeim fullyrðingum, sem Íslenska Olúfélagið leggur fram í kæru sinni, að gæðakröfur útboðsgagna séu settar fram til að gera útboðið óaðgengilegt öðrum en útvöldum aðilum. Máli sínu til stuðnings vísar verkkaupi til þess að kröfurnar sem gerðar voru byggðu á kröfum KSÍ auk þess sem margir aðilar áttu gild tilboð í öll útboðin en í útboð nr. 13914 bárust tilboð frá sex aðilum. Þrír aðilar uppfylltu tæknilegar kröfur útboðsgagna. Í útboð nr. 13885 bárust tilboð frá fimm aðilum og töldust þrír þeirra uppfylla kröfur útboðsgagna. Í útboð nr. 13886 bárust tilboð frá fimm aðilum og töldust fjórir aðilar uppfylla kröfur útboðsgagna. Í útboði nr. 13887 bárust tilboð frá fimm aðilum og töldust þrír uppfylla kröfur útboðsgagna.


Niðurlag

Samkvæmt 19. gr. laga um framkvæmd útboða nr. 65/1993 telst samningur kominn á eftir að kaupandi hefur tilkynnt formlega um að kominn sé á samningur á milli kaupanda og bjóðanda á grundvelli þess efnis sem útboðsgögn og tilboð kveða á um. Tilkynningar um endanlega niðurstöðu útboða voru sendar út 31. mars s.l. fyrir útboð nr. 13885 og 13886, 6. apríl s.l. vegna útboðs nr. 13887 og 12. apríl s.l. vegna útboðs nr. 13914 og því er komið fram yfir þau tímamörk að unnt sé að stöðva útboðin eða draga þau til baka.

Með vísan til framangreinds verður heldur ekki séð að ómálefnalegar forsendur búi að baki þeim hæfis- og gæðakröfum sem gerðar voru í útboðsgögnum vegna útboða nr. 13914, 13885, 13886 og 13887. Innkaupadeild telur engin rök mæla með því að útboðið verði endurtekið enda hafi verið rétt staðið að fyrrgreindum útboðum með tilliti til innkaupareglna Reykjavíkurborgar, laga um opinber innkaup og ákvæða útboðsgagna.

Innkaupadeild Reykjavíkur leggur til við Borgarráð Reykjavíkur að kröfum Íslenska Olúfélagsins hf. verði hafnað.

Virðingarfyllst



Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir

